

SAMÞYKKTIR

FYRIR

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF.

1. KAFLI.

Nafn félagsins, heimilisfang þess og tilgangur.

1. gr.

Félagið er samvinnufélag. Nafn þess er "Sláturfélag Suðurlands svf.", skammstafað S.S.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði er: Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Til þess að skapa fjölbreytni um vöruval og þar með að styrkja sölu á framleiðslu félagsmanna hefur félagið með höndum ýmis konar iðnrekstur. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Vegna starfsemi sinnar skipuleggur félagið flutning sláturgripa til sláturhúsa og flutning afurða á markað. Jafnframt skal að því stefnt að losna við ónauðsynlega milliliði og að félagsmenn fái fullt verð fyrir framleiðslu sína.

2. KAFLI.

Inntökuskilyrði, réttindi og skyldur félagsmanna.

4. gr.

Inntöku í félagið getur hver sá fengið, sem býr á félagssvæðinu, framleiðir búfjárafurðir, byrjar viðskipti við félagið, leggur í stofnsjóð minnst 1000 krónur og greiðir 1000 krónur er renni í varasjóð.

Félagsstjórnin getur jafnframt heimilað framleiðendum utan félagssvæðisins inntöku enda uppfylli þeir sömu skilyrði og aðrir félagsmenn. Hver félagsmaður er skyldur til, án nokkurra sérstakra skuldbindinga, af sinni hálfu að lúta samþykktum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma.

Lögaðilum skal heimiluð aðild að félaginu ef þeir uppfylla að öðru leyti skilyrði samþykktanna.

Félagsaðilar (félagsmenn) eru þeir einir sem uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. og njóta þeir einir fullra félagaréttinda í félaginu skv. samþykktum þessum og samvinnufélagalögum. Félagsmenn einir eiga aðild að A-deild stofnsjóðs félagsins.

Eigendur hluta í B-deild stofnsjóðs félagsins njóta ekki atkvæðisréttar í félaginu vegna eignar í þeim hluta stofnsjóðs. Þeir hafa rétt til setu á félagsfundum og fullt málfrelsi. Að öðru leyti fer um réttindi þeirra skv. samþykktum þessum og samvinnufélagalögum.

5. gr.

Fjárhæðir aðildargjalda skv. 1. mgr. 4. gr. skulu hækka 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Fjárhæðir gjaldanna eins og þær eru tilgreindar í greininni (kr. 1.000,- hvort gjald) eru miðaðar við grunnvísitölu janúar 1992, en skulu þó aldrei vera lægri en krónur 1.000,-. Aðildargjöld skulu greidd við inngöngu í félagið.

6. gr.

Félagsmenn skulu beina viðskiptum sínum til félagsins. Hver félagsmaður ber skyldur í samræmi við samþykktir þessar og ber honum að láta félagið hafa forgang að framleiðslu sinni. Ef frá því er brugðið á hann það á hættu að missa sinn forgang sem félagsmaður með þær afurðir sem offramboð er á hverju sinni.

Brjótí félagsmaður skyldur sínar við félagið eða vinni á annan hátt gegn hagsmunum þess og tilgangi, getur félagsfundur gert hann rækan úr félaginu. Stjórn félagsins er þó heimilt í tilefni af broti félagsmanns að synja félagsmanni um viðskipti við félagið þar til ákvörðun félagsfundar liggur fyrir.

7. gr.

Ábyrgð hvers einstaks félagsmanns á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við innistæðu hvers og eins í stofnsjóði eins og hún er á hverjum tíma.

8. gr.

Úrsögn úr félaginu sendist félagsstjórn og einnig tilkynning um andlát félagsmanns eða brottflutning af félagssvæðinu.

Skilyrði fyrir því, að úrsögn sé gild gagnvart félaginu eru auk þess, er segir í 12. gr. um skyldu til útborgunar á stofnfé, að viðkomandi félagsmaður sé hættur að framleiða sláturfénað á félagssvæðinu, enda sé ekki útlit til þess, að hann byrji á því að nýju.

9. gr.

Útanfélagsmenn skulu greiða sama hundradshluta af viðskiptaupphæð sinni í varasjóð og félagsmenn greiða í stofnsjóð. Framlag þetta er óendurkræft og eign félagsins.

3. KAFLI.

Stofnsjóður félagsins.

10. gr.

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta. A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsaðila og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild sjóðsins. Fjármuni í stofnsjóði skal nota við rekstur félagsins.

Aðalfundur félagsins ráðstafar hagnaði til deilda í stofnsjóði félagsins í samræmi við ákvæði samþykktanna.

11. gr.

Sjóðseign hvers félagsmanns í A-deild skal færð á sérstakan reikning, stofnreikning. Stofnsjóðstillag skal fært í reikning mánaðarlega. Aðalfundur félagsins ákveður hverju sinni hversu mikið af hagnaði félagsins skuli renna í A-deild stofnsjóðs félagsins að uppfylltu ákvæði 1. mgr. 14. gr. samþykktanna. Við ráðstöfun á hagnaði félagsins í A-deild skal leitast við að séreignarhlutir verði verðbættir í samræmi við breytingu á lánskjaravísitölu milli ára og að auki reiknaðir á þá almennir innlánsvextir.

Í stofnsjóð leggist árlega ákveðinn hundradshluti af viðskiptaupphæð hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnarinnar þó þannig að framlag einstaks félagsmanns skal aldrei vera hærra en sem nemur 1% af árlegu framlagi allra félagsmanna.

Aðalfundi er heimilt að greiða í arð til félagsmanna í A-deild sem nemur allt að 20% af hagnaði félagsins.

12. gr.

Stofnsjóðsinneign félagsmanns í A-deild fellur til útborgunar:

- a) Við andlát hans.
- b) Við brottflutning af félagssvæðinu.
- c) Hætti hann búskap.
- d) Við gjaldþrot hans.
- e) Að ósk aðila er hann nær 70 ára aldri.
- f) Slit lögaðila sem er félagsaðili.

Breyting á rekstrarformi veitir ekki rétt til útgreiðslu stofnsjóðsinneignar í A-deild, enda sé félagið að hluta eða öllu leyti í eigu sama aðila.

Félagsstjórninni er heimilt að fella stofnsjóðsinneign félagsmanna í varasjóð 5 árum eftir að inneign fellur til útborgunar ef hennar hefur ekki verið vitjað.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyrr en eigandi hennar hefur innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem félagsmanni.

Að öðru leyti er stofnfé óuppsegjanlegt og verður ekki selt né af hendi látið á annan hátt nema með samþykki félagsstjórnarinnar.

Félagsmenn eiga ekki rétt á frekari greiðslum úr sjóðum félagsins við þau skilyrði er greinir í 1. mgr. eða í öðrum tilvikum en nemur eigu þeirra í A-deild stofnsjóðs nema við félagsslit og fer þá um útgreiðslu til þeirra eftir 37. gr.

13. gr.

Upphæð B. deildar skal vera að lágmarki kr. 50.000.000,00 - krónur fimmtíu milljónir 00/100 - en að hámarki kr. 200.000.000,00 - krónur tvöhundrað milljónir 00/100 -. Hver hlutur skal vera að nafnverði kr. 1,00 eða margfeldi þar af.

Fjármuna til B-deildar skal aflað með sölu á samvinnuhlutabréfum skv. nánari ákvörðun félagsfundar.

Í ákvörðun félagsfundar um sölu á samvinnuhlutabréfum skal tilgreina frest til áskriftar og skal hann ekki vera lengri en sex mánuðir, nema ákvæði 3. tl. 1. mgr. 49. gr. laga um samvinnufélög eigi við. Greiða skal hluti innan 6 mánaða frá því að áskriftarfrestur rennur út. Aðalfundi er heimilt að ákveða skemmri frest.

Félagsstjórn er heimilt að gefa út hlutabréf í B-deild stofnsjóðs með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Rafræn hlutabréf koma í stað útgefinna hlutabréfa sem þá skulu ógilt. Útskrift frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi hlutaskrá.

14. gr.

Við ráðstöfun hagnaðar á aðalfundi félagsins skal fyrst leggja fê til þess að jafna tap í félaginu, í lögbundna sjóði og til að fullnægja ákvörðunum skv. 2. mgr. þessarar greinar. Því næst skal hagnaði ráðstafað til að greiða út arð til eigenda hluta í B-deild stofnsjóðs er svari til verðbóta í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu milli ára nema þeim breytingum sé mætt með útgáfu jöfnunarhluta.

Eigendur 10% hluta í B-deild stofnsjóðs geta krafist þess á aðalfundi að úthlutað verði sem arði, til eigenda B-deildar, allt að helmingi af árshagnaði félagsins eftir að tap hefur verið jafnað og greiðslur inntar af hendi í varasjóð skv. félagssamþykktum og lögum. Greiðslur skv. þessu mega þó ekki nema hærri fjárhæð en nemur 10% af nafnverði hluta í B-deild auk arðs vegna verðbóta skv. lokamálsliðs 1. mgr. 14. gr. Eigendur sama hlutfalls í B-deild sjóðsins geta krafist útgáfu jöfnunarbréfa að uppfylltum skilyrðum 51. gr. laga 22/1991 um samvinnufélög.

Stjórn félagsins gerir tillögu um það á aðalfundi hversu mikið af hagnaði félagsins til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. eigi að leggja til B-deildar stofnsjóðs, í þeim tilgangi að greiða út arð til eigenda hluta í B-deild.

Arðgreiðslur skulu að hámarki vera 15% ofan á höfuðstól hluta í B-deild sjóðsins auk arðgreiðslu vegna verðbóta skv. lokamálsliðs 1. mgr. 14. gr. Arðinn skal greiða til eigenda innan 6 mánaða frá því ákvörðun er tekin.

15. gr.

Félagsmenn sem hafa haft viðskipti við félagið síðustu 5 ár fyrir ákvörðun um sölu hluta í B deild, og eigendur hluta skulu hafa forgangsrétt til þess að kaupa hluti í B deild stofnsjóðs félagsins í réttu hlutfalli við inneignir í stofnsjóði enda sé inneign þeirra a.m.k. kr. 20.000,- miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1992. Ef einhverjir aðilar vilja ekki nýta sér forgangsréttinn skal öðrum forgangshöfum boðið að kaupa þá hluti í réttum hlutföllum.

Þegar félagsmönnum og eigendum hluta er boðin forgangsréttur að hlutum skv. 1. mgr. skulu þeir tilgreina sérstaklega ef þeir óska eftir því að nýta sér forgangsrétt að öðrum hlutum sem koma til með að standa þeim til boða, ef aðrir aðilar nýta sér ekki forgangsrétt, og þá að hvað mikilli fjárhæð.

Frestur til að nýta forgangsrétt skal vera 2. vikur frá dagsetningu tilkynningar félagsins.

4. KAFLI.

Deildaskipun og kosning fulltrúa.

16. gr.

Félagssvæði skiptist í deildir. Hvert sveitarfélag er ein deild. Þó getur aðalfundur leyft aðra deildaskipun. Deildir félagsins skulu halda ársfundi sína fyrir miðjan júlí ár hvert og skal þá kosinn deildarstjóri til eins árs í senn og annar til vara. Deildarstjóri er sjálfkjörinn fulltrúi deildar sinnar á fundum félagsins, án tillits til fjölda félagsmanna í deildinni miðað við, að hann komi fyrir fyrstu 30 deildarmenn, 2 fulltrúar fyrir deild, sem hefur 31-60 félagsmenn, 3 fulltrúar fyrir þær, sem hafa 61-90 og svo framvegis.

Á deildarfundum má bera upp og samþykkja tillögur til aðalfundar, og hafa allir félagsmenn í deildinni atkvæðisrétt, eitt atkvæði hver, án tillits til eigna eða viðskipta í félaginu. Á deildarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Deildarfundur stýrir deildarstjóri, sér um bókun fundargerðar og sendir skrifstofu félagsins afrit af henni svo fljótt sem verða má.

Deildarfundur skal boða samkvæmt sveitavenju um fundaboð í hverri deild og með nægum fyrirvara.

17. gr.

Deildarstjóri hefur á hendi stjórn og framkvæmd sláturfélagsmálefna í deild sinni, boðar til funda, gerir áætlun um tölu sauðfjár, er deildin muni selja til slátrunar haust hvert, og sendir hana til skrifstofu félagsins. Hann skal og á deildarfundum skýra sem best fyrir félagsmönnum rekstur félagsins og fjárhag og ályktanir aðalfundar og allar gerðir hans, er máli skipta og skal stjórn félagsins senda deildarstjóra afrit af öllu slíku.

18. gr.

Auk deildarstjóra getur félagsstjórn boðað til funda í einstökum deildum eða fleiri deildum sameiginlega, ef ástæða þykir til.

5. KAFLI.

Félagsfundir.

19. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem samþykktir þessar setja. Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa einungis fulltrúar sem félagsdeildir tilnefna sbr. 1. mgr. 16. gr. Félagssundur er lögmætur, ef fulltrúar frá meira en helmingi félagsdeilda sækja fundinn, enda sé á fundinum meira en helmingur þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrétt. Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema samþykktir þessar eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Hafi eigi verið á fundi svo margir fulltrúar, að hann væri lögmætur, þá skal boða fund aftur innan þriggja vikna. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram í fundarboðinu, að til fundarins sé boðað vegna þess, að eigi hafi verið mættir nógu margir fulltrúar á hinum fyrra fundi til þess, að hann væri lögmætur og er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir fulltrúar mæta áhonum.

20. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega fyrir lok júnímánaðar. Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þurfa. Auk þess skal stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fulltrúar deilda sem fara með a.m.k. 10% atkvæða eða þriðjungur félagsdeilda krefst þess skriflega og tilgreina fundarefni. Stjórnin skal boða til félagsfundar innan 14 daga frá því, er henni barst krafan, ella geta fulltrúar deilda gert það sjálfir. Endurskoðandi og skoðunarmenn félagsins geta og kvatt til aukafundar.

21. gr.

Stjórnin skal boða til félagsfunda með skriflegri tilkynningu til fulltrúa eða símskeyti með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Dagskrár fundarins skal jafnan geta í fundarboði.

22. gr.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal stjórn félagsins, forstjóri mæta á félagsfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Endurskoðandi og skoðunarmenn skulu mæta á aðalfund félagsins og aðra þá félagsfundi sem nauðsynlegt er að þeir sitji vegna starfa sinna. Á fundunum hafa þeir málfrelsi og tillögurétt. Félagsfundir skulu og vera opnir fyrir öðrum félagsmönnum og þeir hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Skoðunarmenn og stjórnarmenn skulu fá laun fyrir störf sín eftir nánari ákvörðun aðalfundar. Stjórn félagsins ákveður greiðslur til fulltrúa og deildarstjóra.

23. gr.

Félagsfundur kýs fundarstjóra. Hann rannsakar í byrjun fundar, hvort löglega hafi verði boðað til fundarins og hvort hann sé lögmætur að öðru leyti og lýsir því síðan, hvort svo sé. Atkvæðagreiðsla á fundinum skal haga eftir því, sem fundarstjóri nánar ákveður, en þó skal atkvæðagreiðsla jafnan vera skrifleg, ef einhver fulltrúi krefst þess. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.

24. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál í þeirri röð sem hér segir:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið ár með athugasemdum endurskoðanda og skoðunarmanna skulu lagðir fram og úrskurðaðir. Úrskurðinum má fresta vegna vantandi upplýsinga, þó aldrei lengur en til næsta aðalfundar.
3. Hvernig farið skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Kosið í stjórn félagsins, bæði aðalmenn og varamenn.
5. Kosinn einn löggiltur endurskoðandi, einn skoðunarmaður og annar til vara.
6. Ákveðin þóknun stjórnar og skoðunarmanna fyrir liðið ár.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, er upp kunna að vera borin.

Að auki á hver félagsaðili rétt á að fá tekið mál á dagskrá ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá í fundarboði.

25. gr.

Á aukafundi verður aðeins tekin ákvörðun um þau mál, sem nefnd eru í fundarboðinu.

26. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundasamþykktir orðréttar og stutta skýrslu um annað, sem gerist á félagsfundum. Fundargerðir skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Þó er heimilt með samþykki fundarins að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá og staðfesta fundargerðina. Verði framangreindum aðilum heimilað að ganga frá endanlegri fundargerð með skal hún send fulltrúum á fundinum innan mánaðar frá fundinum. Ef fundarmenn hafa athugasemdir við staðfesta fundargerð skulu þeir senda athugasemdir til stjórnar félagsins innan tveggja mánaða frá fundinum að öðrum kosti telst fundargerðin samþykkt.

Fundargerðir skulu undirskrifaðar af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal síðan teljast full sönnun um það, sem fram hefur farið á fundinum.

6. KAFLI.

Stjórn félagsins.

27. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna, einn aðalmaður og einn varamaður úr hverri sýslu með þeim undantekningum að einn stjórnarmaður og einn varamaður er kosinn sameiginlega úr Vestur-Skaftafellssýslu og Austur-Skaftafellssýslu og einn úr Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Deildum þeirrar sýslu sem kjósa skal stjórnarmann úr er heimilt að bera fram tillögu um menn til stjórnarstarfa.

Ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtíminn er liðinn, tekur varamaður úr sömu sýslu sæti til fulls í hans stað.

Stjórn félagsins, aðalmenn og varamenn, skulu kosnir til þriggja ára í senn, og ganga úr stjórninni á víxl, fyrsta árið 1, annað árið 2, samkvæmt hlutkesti og síðan eftir aldri í stjórninni og sé kjörtími hvers stjórnarmanns jafnan 3 ár.

Aldrei má meiri hluti stjórnarmanna ganga úr stjórninni á sama ári nema óviðráðanleg atvik valdi. Enginn félagsmaður getur skorast undan kosningu í stjórn félagsins, nema um jafnmörg ár og hann hefur næst áður verið í stjórninni og með samþykki hans má endurkjósa hann í stjórn.

Félagsstjórnin velur árlega formann og varaformann úr sínum flokki.

28. gr.

Félagsstjórnin ræður öllum félagsmálum milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Félagstjórnin skal gæta þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og skal hún jafnframt gæta þess að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi félagsins og meðferð fjármuna félagsins. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið og getur skuldbundið það og eignir þess, þar á meðal veðsett þær með ályktunum sínum og samþykktum.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meiri hluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórnarfundir eru lögmatir, ef þrír stjórnendur eru mættir. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, sem gerist á stjórnarfundum og staðfestir hún það með undirskrift mættra stjórnenda.

Undirskrift þriggja stjórnenda er skuldbindandi fyrir félagið. Stjórnin heldur fundi, þegar formanni þykir þurfa en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, ef meðstjórnandi krefst þess, endurskoðandi eða skoðunarmenn.

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá er látið hefur bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

29. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra fyrir félagið og gerir við hann skriflegan samning, sem ákveður starfssvið hans og launakjör og annað, er þurfa þykir. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Þoli slíkar ráðstafanir ekki bið, án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins, er honum heimilt að grípa til þeirra í samráði við stjórnarformann enda tilkynni hann stjórninni það án tafar. Forstjóri ræður alla aðra starfsmenn félagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Forstjóri skal þó hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður. Þá skal forstjóri annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnarinnar. Forstjóra ber að veita stjórninni, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag félagsins og starfsemi sem þeir óska.

Forstjóri getur ráðstafað lausafé félagsins en aðeins félagsstjórnin getur samþykkt kaup, eða veðsetningu fasteigna.

Forstjóri skal jafnan hafa prókúruumboð, sem stjórn félagsins veitir honum.

7. KAFLI.

Um sjóði félagsins ofl.

30. gr.

Sjóðir félagsins eru: 1. Stofnsjóður; 2. Varasjóður; 3. Endurmatssjóður; 4. Aðrir sjóðir, sem stofnaðir kunna að verða.

Stofnsjóður er séreignarsjóður, en aðrir sjóðir sameignarsjóðir. Um aðra sjóði, er stofnaðir kunna að verða, fer eftir sérstökum samþykktum.

31. gr.

Minnst 10% þess hagnaðar sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði samvinnufélags, skal leggja í varasjóð félagsins uns varasjóður nemur 10% af samanlagðri fjárhæð A og B-deilda stofnsjóðs. Þegar því marki er náð skulu framlög vera minnst 5% hagnaðar þar til sjóðurinn nemur 25% af samanlagðri fjárhæð í stofnsjóð.

Varasjóði má ráðstafa til að mæta töpum, enda fari um þá ráðstöfun skv. samvinnufélagalögum.

32. gr.

Félagið er eign félagsmanna í réttu hlutfalli við stofnsjóðseign þeirra í félaginu.

8. KAFLI.

Reikningshald, endurskoðun ofl.

33. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár þess er almanaksárið. Forstjóri skal gera ársreikning yfir tekjur og gjöld félagsins umliðið ár og efnahagsreikning þess í árslok. Reikningur félagsins skal liggja frammi fyrir aðalfundarfulltrúum á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Ársreikningur félagsins, endurskoðaður, skal úrskurðaður á aðalfundi félagsins.

Nú fellir aðalfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram og á hvern hátt. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

34. gr.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára og ganga þeir út sitt ár hvor. Á sama hátt eru kosnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar.

Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkt félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

Skoðunarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og reikningum félagsins á hvaða tíma sem er.

35. gr.

Aðalfundur kýs einnig löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða reikninga félagsins í samræmi við góða reikningsskilavenju og lög. Endurskoðandi skal árita ársreikning félagsins og greina frá athugasemdum í áritun sinni ef ástæða er til. Endurskoðandi skal einnig athuga einstaka þætti bókhalds félagsins ef skoðunarmenn óska þess.

9. KAFLI.

Um félagsslit.

36. gr.

Nú þykir nauðsynlegt eða ráðlegt að slíta félaginu og skal þá tillaga þar um borin upp á lögmætum félagsfundi. Verði ályktun um að slíta félaginu samþykkt á slíkum fundi með minnst 2/3 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa, skal málið borið undir atkvæði félagsmanna á deildarfundum milli funda og verði þá félagsslit samþykkt með einföldum meirihluta allra greiddra atkvæða á fundunum, skal málið að nýju lagt fyrir næsta félagsfund og verði félagsslit þá samþykkt að nýju af minnst 2/3 hlutum atkvæðisbærra fulltrúa, skal slíta félaginu.

37. gr.

Innistæða í stofnsjóði félagsins skal við félagsslit fyrst ráðstafa til eigenda hluta í B-deild eftir því sem til þarf til að greiða þeim nafnverð eignarhluta þeirra. Því næst skal innistæðunni ráðstafað til þess að

greiða félagsmönnum fjárhæð inneignar þeirra í A-deild stofnsjóðsins. Það sem eftir stendur skal greiða til eigenda í B-deild eftir því sem til þarf til að eignarhlutur þeirra í stofnsjóði breytist að því marki sem fyrir hendi eru ónýttar heimildir samkvæmt reglu 1.mgr. 51. gr. laga um samvinnufélög um útgáfu jöfnunarhluta. Eftirstöðvum stofnsjóðs, innistæðufé í sameignarsjóðum félagsins og eignum félagsins að öðru leyti þegar lokið er öllum skuldbindingum, sem á félagsheildinni hvíla, skal ráðstafað til eigenda og félagsmanna í réttum hlutföllum við inneignir í stofnsjóði að teknu tilliti til jöfnunarhluta samkvæmt síðasta málslið.

10. KAFLI.

Breytingar á samþykktum félagsins.

38. gr.

Ákvörðun um breytingu á félagssamþykktum skal tekinn á félagsfundi og verður hún því aðeins gild að breytingatillögu hafi verið getið í fundarboði og dagskrá fundarins og að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundinum.

Ef 10% félagsmanna krefst þess fyrir félagsfund skal leita samþykkis tveggja félagsfunda með framangreindum hætti áður en breytingar verða samþykktar. Á milli félagsfunda skal leggja málið fyrir deildarfundi og hljóta þar samþykki meirihluta atkvæða.

39. gr.

Ef um er að ræða breytingu á samþykktum sem hefur í för með sér röskun á réttarsambandi á milli félagsaðila eða ef í henni felast auknar skuldbindingar félagsmanna gagnvart félaginu gildir regla 2. mgr. 93. gr. samvinnufélagalaga.

Breyting á félagssamþykktum, sem raskar réttarsambandi milli eigenda í A og B-deild stofnsjóðs eða rýrir hag eigenda í B-deild stofnsjóðs, er því aðeins gild að eigi færri en 3/4 eigenda í A-deild stofnsjóðs og allir eigendur í B-deild stofnsjóðs gjaldi breytingunni jáyrði.

11. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Að öðru leyti gilda um félagið lög um samvinnufélög nr. 22. frá 27. mars 1991.

41. gr.

Samþykktir þessar eru settar í framhaldi samþykktu félagsins frá 1906, 1908, 1911, 1919, 1922, 1930, 1941, 1958, 1970, 1991, 1992, 1993, 1996, 1998, 1999 og samræmdar samvinnufélagalögunum nr. 22. frá 27. mars 1991.

Eru þar með úr gildi felldar allar eldri samþykktir félagsins.

Þannig samþykkt á félagsfundi Sláturfélags Suðurlands svf., þann 4. apríl 2003.